



Kópavogi, 19. Nóvember 2024

Efni: Fjárhagsáætlun 2025, breytingartillaga á milli umræðna

Starfsmannamál.

Í lok október kom tilkynning um breytingu á kjarasamningi BHM. Auk almennra hækkana kom fram að starfsmenn fái „2% persónuálág fyrir hverjar 60 ECTS einingar í framhaldsnámi, þó að hámarki 4%“. Áætlað er að þetta hafi í för með sér hækkun launaliða um 60,6 m.kr. á árinu 2025 sem dreifist svona á málaflokka:

	(þús)
Velferðarsvið	23.250
Menntasvið	13.395
Umhverfissvið	6.243
Stjórnsýslusvið	17.174
Fjármálasvið	581
	60.643

Skatttekjur

00-111- & 02-150-

Flutt er 45 m.kr. tekjufærsla af deild 02150- Farsæld barna yfir á 00111- sem er framlög jöfnunarsjóðs.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar ársins 2025 fyrir fyrri umræðu var ekki komin áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir „gjaldfrjálsan mat í grunnskólum“, „farsæld barna“ og „framlög vegna málefna fatlaðra“. Við höfum nú fengið áætlun um grunnskólamatin, en samkvæmt henni má hækka framlag jöfnunarsjóðs um tæpar 110 m.kr. Hinar áætlanirnar hafa ekki borist og eru því óbreyttar frá fyrri umræðu.

Umhverfissvið

Hreinlætismál - 08-211 & 08-231 og þjónustumiðstöð 33-311 & 33-804.

Við fyrri umræðu var ekki búið að uppfæra tekjur og gjöld vegna þessarar þjónustu nema að litlu leiti. Verulegar breytingar verða á útreikningi sorphirðugjaldsins eins og sjá má á á gjaldskrá sem liggur fyrir fundinum. Samandreginn munur á deild 08211- er lækkun upp á 12,6 m.kr. en á deild 08211 er hækkun upp á 10,6 m.kr. Hluti af þessum útgjöldum er aðkeypt þjónusta hjá Þjónustumiðstöð, þannig að tekjur hennar hækka um 2.778 þús.



Rétt er að vekja athygli á lið 08211-0990 Aðrar tekjur, en á þennan lið eru bókaðar greiðslur frá Úrvinnslusjóði fyrir sorp sem þeir taka á móti í sitt ferli.

Umferðar- og samgöngumál – 10-711-

Við vinnslu fjárhagsáætlunar ársins 2025 fyrir fyrri umræðu hafði Umhverfissvið fengið upplýsingar um framlög til Strætó á árinu 2025. Rétt fyrir mánaðarmót bárust svo nýjar upplýsingar frá félaginu, en þar kemur fram að framlag til þess verður 125 m.kr. lægra en áætlað hafði verið. Er tekið tillit til þess hér.

Umhverfismál – 11-311-

Við yfirferð og samanburð við áætlanir skíðasvæðanna kemur í ljós að þessi fjárhæð 8 m.kr. er tvítalin og því tekin út hér.

Umhverfismál – 11-423-

Bætt verður við jólalýsingu í skammdeginu, þannig að hún haldi áfram frá Salalaug og nái að Breiðholtsbraut. Áætlaður kostnaður 14 m.kr.

Stjórnsýslusvið

Geðræktarhús – 21-801-

Engin starfsemi er í húsinu og óvíst hvenær eitthvað fer í gang. Því er er eðlilegt að lækka áætluð kaup hússins á þjónustu sem ekki verður keypt um 18 m.kr.

Aðrar breytingar.

Til viðbótar við þessar breytingar á áætluðum rekstrarreikningi er gert ráð fyrir hækkun á STOFNI að fjárhæð 10 m.kr. sem dreifist svona: Endurbætur á Geðræktarhúsi er áætlað að kosti 50 m.kr., en á móti lækka framlög til framkvæmda við Kópavogshöfn um 10 m.kr., Bláfjöll lækka um 10 m.kr., endurnýjun lagna um 10 m.kr. og borgarlínuverkefni um 10 m.kr. Hjá eignasjóði er ákveðið að ráðstafa 30 m.kr. til skipulagsmála í Kópavogsdal sem verður hluti eignfærðri af gatnagerð þar, en á móti er tekið tillit til þess að hluti gatnagerðargjalda á Kársnesi er hugaður á móti framkvæmdum við Kópavogshöfn og dregur þannig úr fjárþörf vegna Kópavogsdals. Þessi hækkun í STOFNI hefur óveruleg á áhrif í framlögðum áætlunum.

Heildar áhrif ofangreindra breytinga á rekstur á milli umræðna er að heildar tekjur hækka um kr. 243 m.kr. og heildargjöld um kr. 87 m.kr. þannig að nettó batnar afkoman um 156 m.kr.

Hér má sjá yfirlit yfir tillögurnar og áhrif þeirra á áætlun ársins 2025:



Breytingar á milli fyrri og seinni umræðu í fjárhagsáætlun

Verkefni	Fjárhæð Stofn	Fjárhæð í reksti samtals
		2025
Starfsmannamál - viðbót vegna BHM samninga		
Satttekjur		
Farsæld barna og endurgreiddur skólamatur		-109.879.009
Af velferðarsviði eru færðar 45 m.kr. sem var framlag frá Jöfnunarsjóði vegna velferðar barna. Þarna er einnig færð hækkun vegna endurgreiðslu á mat í grunnskólum		
Velferðarsvið		
Hækkun vegna ákvæða í nýjum kjarasamningi BHM		23.249.772
Farsæld barna - færð á Jöfnunarsjóð		45.000.000
Menntasvið		
Hækkun vegna ákvæða í nýjum kjarasamningi BHM		13.394.508
Stjórnsýslusvið		
Hækkun vegna ákvæða í nýjum kjarasamningi BHM		17.173.754
Lækkun á kostnaði vegna þjónustu Geðræktarhúss		-18.000.000
Fjármálasvið		
Hækkun vegna ákvæða í nýjum kjarasamningi BHM		580.728
Umhverfissvið		
Hreinlætismál - sorphreinsun og sorpeyðing		-12.022.750
Skrifstofa sviðsstjóra, hækkun vegna ákvæða í nýjum kjarasamningi BHM		6.243.096
Umferðar og samgöngumál, ofátælaður kostnaður vegna Strætó		-125.048.000
Umhverfismál, ofátælaður kostnaður vegna Bláfjalla		-8.063.000
Umhverfismál, viðbótar jálalýsing í efri hverfum		14.000.000
Þjónustumiðstöð, tekjur frá málaflokki Hreinlætismál		-2.777.900
Nettó breyting: Skipulagsmál Kópavogsdal +30, gatnagerðargjöld höfn -30	0	0
Nettó breyting: Geðræktarhús +50m, Bláfjöll -10m, Höfnin -10m	10.000.000	0
endurnýjun lagna -10m, borgarlínuverkefni -10		
SAMTALS	10.000.000	-156.148.801

Efnahagsreikningur, sjóðstreymi og lykiltölur ársins 2025 taka breytingum í samræmi við ofangreinda niðurstöðu.

Sama á við um langtíma áætlanir áráanna 2026-2028 sem eru leiddar af niðurstöðu ársins 2025. Að auki er búið að bæta hlutdeild í rekstri og efnahag Sorpu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við langtímaáætlunina. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó, þá hafa þeir ekki tiltæka langtímaáætlun fyrir félagið og heyrst hefur, að vegna breyttrar aðkomu ríkisins að rekstri þeirrar þjónustu sem Strætó veitir, þá kunni að verða breytingar hjá þessu félagi í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri